

## Viljayfirlýsing um samstarf ríkis og sveitarfélaga um atvinnuþróun á nærsvæði Keflavíkurflugvallar

### Forsaga

Pegar bandaríska varnarliðið hvarf á braut haustið 2006 var mælt fyrir um skipan mála til bráðabirgða með lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli nr. 176/2006.

Íslenska ríkið ákvað að stofna Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. og í lögum nr. 176/2006 fólst heimild til að fela félaginu að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæðinu og önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu þess.

Með samningi fjármálaráðuneytis og stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. dags. 8. desember 2006 var félaginu ætlað að leiða þróun og umbreytingu á svæðinu og koma fasteignum í eigu ríkisins á svæðinu sem fyrst í skipuleg hagfelld borgaraleg not. Félagið hefur nú að mestu lokið brýnum skammtímaverkefnum eins og sölu húseigna. Sveitarfélög á Suðurnesjum eiga fulltrúa í stjórn félagsins.

Þá samþykkti Alþingi þann 30. maí 2008 lög um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. er fela m.a. í sér heimild fyrir væntanlegt hlutafélag til þátttöku í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði flugvallarins.

Ríki og fimm sveitarfélög á Suðurnesjum hafa einnig ákveðið að kanna til hlítar möguleika á nánara samstarfi um atvinnuþróun á Suðurnesjum er byggir á þeirri sérstöðu sem felst í nálægð alþjóðaflugvallarins. Samstarfið byggir á neðangreindum forsendum, en auk þess á „meginatriðum og forsendum” samstarfsins sem er að finna í meðfylgjandi fylgiskjali dags. 30. september 2008 sem telst hluti þessarar yfirlýsingar.

### Forsendur

Aðilar eru sammála um að samstarf um atvinnuþróun í afmörkuðum greinum sem einkum beinist að erlendum aðilum og byggist á nálægð við Keflavíkurflugvöll, sé líklegt til að skila mun meiri árangri en viðleitni hvers aðila fyrir sig myndi ella skila.

**Fulltrúar ríkisins** hafa lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til viðræðna um heppilega umgjörð til lengri tíma fyrir atvinnuþróun á Suðurnesjum, þ.m.t. hvernig best verði háttáð samstarfi ríkis, félaga og stofnana í þess eigu og sveitarfélaga.

**Sveitarfélögin á Suðurnesjum** hafa lýst sig reiðubúin til nánara samstarfs í skipulagsmálum á svæðinu og til að kanna til hlítar möguleika á samstarfi um atvinnuþróun á Suðurnesjum.

### Markmið

Aðilar eru sammála um að láta vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu með það að markmiði að ganga frá samstarfssáttmála sem tryggji sem best að langtímahagsmunir aðila um atvinnuþróun í nágrenni flugvallarins nái fram að ganga.

Slíkur sáttmáli taki meðal annars á eftirfarandi þáttum:

- afmörkuð verði sú atvinnustarfsemi sem samkomulag er um að vinna saman að því að laða að svæðinu
- afmarkað verði það landsvæði sem lagt verður undir slíka starfsemi og skilgreindur umráðaréttur yfir því
- ákveðið verði hvernig kostnaði af sameiginlegri atvinnuþróun og tekjum verði skipt
- ákveðið verði form samstarfs
- ákveðið verði hvernig tryggja megi sem besta samhæfingu skipulagsmála á Suðurnesjum til að styðja við bakið á atvinnuþróun
- séð verði til þess að innlendir og erlendir fjárfestar geti gengið að upplýsingum um möguleika á svæðinu er tengjast flugvellið á einum stað

Undirritaðir aðilar ganga til viðræðna í góðri trú og lýsa því yfir að þeir munu á meðan þær standa yfir ekki grípa til neinna aðgerða sem torvelað geta samkomulag.

#### **Nánari útfærsla**

Til þess að halda utan um samningaferli næstu mánaða verður ráðinn verkefnisstjóri og munu aðilar skipta með sér kostnaði við störf hans (ríkið 50% og sveitarfélögin fimm 50%). Forsætisráðuneytið mun fyrir hönd aðila gera verksamning við verkefnisstjórnann og sjá um dagleg samskipti við hann í samráði við fulltrúa sveitarfélaganna. Þá mun verkefnisstjórnin eiga kost á aðstoð starfsmanna Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Keflavíkurflugvallar ohf. og Fjárfestingarstofu.

Stefnt er að því að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. janúar 2009.

Gjört í Reykjavík, 30. september 2008.

F.h. íslenska ríkisins

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum

forsætisráðherra

Grindavíkurbær

fjármálaráðherra

Reykjanesbær

samgönguráðherra

Sandgerðisbær

Sveitarfélagið Garður

Sveitarfélagið Vogar